

## Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn

haldinn á TEAMS 6. desember 2021 kl. 15:30.

Mættir eru: Sigurður Steinar Ásgeirsson fulltrúi foreldra, Hrafnhildur Hlín Hjartardóttir fulltrúi foreldra, Ester Hjartardóttir fulltrúi grendarsamfélagsins, Karen Hrund Heimisdóttir fulltrúi kennara, Eva Rán nemandi í 10.bekk, Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Ragnhildur Þorsteinsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu.

1. Skólastjóri setti fund og stiklaði á stóru um skólastarfið það sem af er skólaárinu.
  - Þorlákshafnadagar voru á haustmánuðum ásamt Þollóween sem er samfélagslegt verkefni.
  - Rithöfundar hafa komið í heimsókn og lesið úr verkum sínum.
  - Hinsegin vika var haldin á unglíngastigi og fræðsla kom frá Samtökunum 78.
  - Menntabúðir kennara hafa verið í tvígang. Þar kynna kennarar hver öðrum ýmis verkefni/kennslufræði sem þeir eru að vinna, í þeim tilgangi að læra hver af öðru.
  - Starfsmannasamtöl standa yfir að frumkvæði stjórnenda.
2. Ólína kynnti forvarnarteymi grunnskóla. Um er að ræða teymi gegn kynferðis- og kynbundnu ofbeldi. Teymið skipa, skólastjórnendur, kennara með þekkingu á málaflokknum, skólahjúkrunarfræðingur, skólasálfræðingur, þroskaþjálfari/sérkennari, námsráðgjafi, tengiliður frístundar/félagsmiðstöðvar, tengiliður félagsþjónustu.
3. Ólína kynnti nýtt verkefni sem er Starfshópur um upplýsingatækni í skólanum. Verkefni starfshópsins er að vinna að framtíðarstefnu GÍP í upplýsingatækni og leggja mat á núverandi stöðu.
4. Önnur mál  
Hrafnhildur fulltrúi foreldra hrósaði skólafólki fyrir að útfærslu á jólakvöldvökunum. Hefðbundnar jólakvöldvökur verða ekki haldnar í skólanum, heldur verða skemmtiatriði tekin upp og send foreldrum í tölvupósti.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:52  
Ragnhildur Þorsteinsdóttir, fundarritari